

Mannvirðing sé höfð að leiðarljósi



Ágústa Karla Ísleifsdóttir og Anna Gunnhildur Ólafsdóttir mbl.is/Kristinn.Ingvarsson

Malín Brand

malin@mbl.is

Morgunblaðið

Geðhjálp heldur í dag málþing undir yfirskriftinni Hvers virði er frelsið? Fjallað verður um sjálfræðissviptingu, nauðung og valdbeitingu í geðheilbrigðisþjónustu. Anna Gunnhildur Ólafsdóttir er framkvæmdastjóri Geðhjálpar og telur hún brýnt að mannvirðing sé höfð að leiðarljósi í mál-efnum geðsjúkra. Undir það tekur Ágústa Karla Ísleifsdóttir sem sjálf hefur verið nauðungarvistuð fjórum sinnum.

Málþingið er það fyrsta sem haldið er á þessu ári hjá Geðhjálp en markmið félagsins er að berjast fyrir réttindum og bættri þjónustu fyrir fólk með geðraskanir ásamt því að miðla fræðslu og vinna gegn fordómum í samfélaginu. Á málþinginu sem haldið verður á Grand Hótel Reykjavík frá klukkan 13 til 16:15 verður einkum fjallað um það viðkvæma mál sem frelsissvipting í formi nauðungarvistunar og sjálfræðissviptingar er, sem og þegar valdi er beitt í geðheilbrigðisþjónustunni.

„Frelsið er grundvallarmannréttindi. Með málþinginu viljum við vekja athygli almennings á því að frelsisskerðingar geðsjúkra tíðkast alla daga hér á landi,“ segir Anna Gunnhildur, framkvæmdastjóri Geðhjálpar.

Svipting frá 48 stundum til lengri tíma

Frelsissskerðing getur varað í 48 klukkustundir og er einstaklingur þá vistaður á spítala í framhaldi af mati læknis. Nauðungarvistun á spítala sem samþykkt er af innanríkisráðuneytinu getur varað töluvert lengur eða allt að 21 dag. Sjálfræðissvipting er það þriðja í þessari upptalningu og getur hún verið í sex mánuði eða lengur og jafnvel ótímabundin, að sögn Önnu Gunnhildar. Ótímabundin sjálfræðissvipting er ekki algeng þegar geðsjúkir eiga í hlut en komi til hennar eru það dómstólar sem kveða úr um hana.

„Við ætlum að vekja athygli á þessu og á málþinginu kemur fram sjónarhorn fólksins sjálfs og sjónarhorn ættingja, fagfólks og lögreglu sem stundum kemur að þessum málum. Bæði viljum við vekja athygli á þessu og svo er þetta innlegg í endurskoðun lögræðislaganna í innanríkisráðuneytinu. Ég veit að farið hefur fram óformleg vinna í ráðuneytinu að undanfögnu og brátt hefst formlegri vinna og við viljum að þetta sé innlegg í þá vinnu,“ segir Anna Gunnhildur.

Einn af fyrirlesurum málþingssins í dag er Ágústa Karla Ísleifsdóttir. Bera fór á geðröskunum hjá henni um tvítugt en í dag er hún fjörutíu og fjögurra ára og hefur á rúmum tuttugu árum verið nauðungarvistuð fjórum sinnum og gefið frá sér uppeldi barna sinna fjögurra.

„Ég var lögð inn í fyrsta skipti árið 1992. Ég lenti í ástarsorg, varð þunglynd og var óhuggandi,“ segir Ágústa sem var þar inni í nokkrar vikur. „Þá byrjaði í raun þetta ferli, að vera inn og út af geðdeild í gegnum árin.“

Í mörg ár barðist hún gegn því að fara á örorkubætur og reyndi að stunda vinnu þrátt fyrir veikindin. Árið 2003 fór hún á örorkubætur.

Sem fyrr segir er Ágústa móðir fjögurra barna. Hún sveiflast á milli þunglyndis og maníu og öll börnin hefur hún látið frá sér í ójafnvægi. „Svo þegar ég var komin úr maníunni, þegar ég var búin að láta fyrsta barnið frá mér, þá sá ég hvað ég hafði gert en ég var bara svo buguð að ég treysti mér ekki til að fara að biðja um barnið aftur,“ segir hún. Í dag hittir hún börnin aðra hvora helgi, ver með þeim mánuði á sumrin og er sambandið gott.

Róandi lyf

Þegar Ágústa fór fyrst inn á geðdeild komst hún í kynni við róandi lyf og leið ekki á löngu þar til hún fór að misnota þau. „Með árunum fór ég að misnota áfengi og eiturlyf. Árið 2006 byrjaði ég í fyrsta sinn að reykja hass og ári seinna var ég orðin sturluð,“ segir Ágústa. Hún var með geðrof í nokkur ár. Í tvígang var hún inni á deild en vildi fara þaðan. „Þá var mér sagt að ég gæti það ekki og ég var nauðungarvistuð í 21 dag. Svo tvisvar sinnum var ég bara heima hjá mér þegar íbúðin fylltist af fólki og ég var tekin nauðug,“ segir Ágústa. Sú lífsreynsla er henni þungbær því hún segir að hún hafi verið tekin eins og ótíndur glæpamaður.

„Ég sat bara heima og allt í einu birtist borgarlæknir, foreldrar mínir, bróðir minn og fjórir lögreglumenn inni á stofugólfi hjá mér og mér sagt að ég ætti að fara upp á spítala.“ Ágústa barðist um og vildi ekki fara.

„Þá var ég bara beitt hörku og handjárnuð, farið með mig út í bíl og leidd eftir löngum göngunum á spítalanum, þar sem fullt af fólki sá mann, upp á aðra hæð og inn á geðdeildina.“

Það sem Ágústa mun meðal annars fjalla um á málþinginu í dag er sú verðuga spurning hvort geðsjúkir sitji við sama borð og aðrir sjúklingar. Í þau skipti sem hún var nauðungarvistuð var henni ekkert tjáð fyrirfram og henni ekki sagt hvað talið væri að hrjáði hana.